# Leiðbeiningar:

## Veita umboð fyrir Ullartorg Ístex og innskráning fyrir hönd fyrirtækis

Þegar farið er inn á Ullartorg skal velja innskráning einstaklinga eða fyrirtækja. Til að skrá sig inn sem fyrirtæki þarf að vera búið að veita umboð.




Til að einstaklingur geti veitt umboð fyrir lögaðila í Signet login þarf viðkomandi að vera:

a) Prókúruhafi eða
b) Geta staðfest tengsl við lögaðila í gegnum heimabanka

# Veita umboð hjá Signet

1. Smella á Veita umboð hjá Signet




2. Ef staðfesta þarf tengsl við lögaðila er ýtt á Vantar tengsl við lögaðila?

Ef tengsl eru núþegar staðfest er farið beint í skref 8.



3. Skrá kennitölu lögaðilins í reitinn og ýta á Senda hlekk. Þá berst skjal í heimabanka lögaðilans.




4. Skrá sig inn á heimabanka lögaðilans. Velja skjöl/rafræn skjöl og opna skjalið frá “Signet Login”.

5. Smella á “**Hefja ferli til að sanna tengsl**”




6. Því næst þarf að skrá sig inn



7. Staðfesta að upplýsingar eru réttar og smella á **Staðfesta**




8. Velja Hönd lögaðila og velja viðkomandi fyrirtæki sem á að fá umboð. Fylla inn kennitölu umboðshafa og gilidistíma. Smella á **Veita umboð**.



# Innskráning fyrir fyrirtæki

Þegar veitt hefur verið umboð er hægt að skrá sig inn sem lögaðili.




Þá birtist þessi gluggi, viðkomandi fyrirtæki valið.




Við fyrstu skráningu er beðið um upplýsingar svo sem heimilisfang, netfang, síma og bankaupplýsingar. Mikilvægt er að allar upplýsingar séu réttar. Upplýsingum má breyta með því að smella á nafn notanda neðst í vinstra horni.

